

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu og förgunar úrgangs í Langanesbyggð.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000. Hún er í samræmi við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í Langanesbyggð.

2. gr.

Sorphreinsunargjald.

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði í Langanesbyggð samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni.

3. gr.

Sorphreinsunar- og sorpeyðingargjald.

Innheimta skal sorphirðingar- og sorpeyðingargjald af öllu húsnæði í Langanesbyggð. Sorpeyðingargjaldið skal vera í samræmi við áætlað magn heimilisúrgangs, annars en garðaúrgangs, timburs og spilliefna, sem til fellur hjá viðkomandi húsnæði á ársgrunni ásamt umsýslukostnaði vegna þess:

Gjaldskrá fasteignagjalda.

- A. Íbúðarhúsnæði og bújarðir, 0,625% af heildarálagningarstofni.
- B. Sjúkrastofnanir, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn, 1,32% af heildarálagningarstofni.
- C. Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði, 1,65% af heildarálagningarstofni.
 - Lóðarleiga A er 1,5% af fasteignamati lóða fyrir íbúðarhús.
 - Lóðarleiga B er 2,5% af fasteignamati lóða fyrir atvinnuhúsnæði og opinberra bygginga.
 - Vatnsskattur er 0,30% af heildarálagningarstofni.
 - Aukavatnsskattur er kr. 34 pr. m³ vatns.
 - Holræsagjald er 0,225% af heildarálagningarstofni.
 - Sorphreinsunargjald heimila kr. 15.000 á íbúð.
 - Sorpeyðingargjald heimila kr. 15.000 á íbúð.

Sorpeyðingargjald fyrirtækja:

Flokkur	Lýsing	kr./0,25 m ³	kr./0,5 m ³	kr./0,75 m ³	kr./1 m ³
101	Blandaður úrgangur til urðunar	555	1.110	1.665	2.220
203	Lífrænn heimilisúrgangur til jarðgerðar	0	0	0	0
204	Lífrænn rekstrarúrgangur (fiskislóg)	278	555	833	1.110
301	Óflokkað timbur t.d. málað	555	1.110	1.665	2.220
302	Flokkað timbur, hreint, ómálað	222	444	666	888
600	Málmar og brotamálmar	0	0	0	0
601	Góðmálmar (sérskomulag)				
398	Bylgjupappi – minna en 1 m ³	0	0	0	0
398	Bylgjupappi – meira en 2 m ³ (sérskomulag)				
603	Múrbrot/gler/flísar/postulín	555	1.110	1.665	2.220
501	Óflokkaður úrgangur sem inniheldur endurvinnanlegan úrgang				

4. gr.

Gjaldtaka þjónustuverktaka.

Gjaldtaka þjónustuverktaka fyrir frístunda- eða atvinnuhúsnæði í beinum samningum milli þessara aðila skal taka mið af verksamningi milli þjónustuverktaka og sveitarfélagsins, þannig að einingarverð skal aldrei vera hærra en verksamningur tilgreinir.

5. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Langesbyggðar þann 8. desember 2011. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi eldri gjaldskrá um sorphreinsunar- og sorpeyðingargjöld frá árinu 2011.

Langanesbyggð, 9. desember 2011.

Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. desember 2011